

## Ferð Sveinbjörns með Helenu Bryndísi til London 10 daga í febrúar 2009

Ég fór með fjölskyldu minni í heimsókn til London, nánar tiltekið Richmond þar sem við bjuggum áður. Sveinbjörn fékk að koma með og skemmti hann sér rosalega vel með okkur þar.

Flugferðin gekk mjög vel og endaði Sveinbjörn hana á rússíbanuferð á töskufæribandinu eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Við ferðumst mikið í neðanjarðarlestum London. Sveinbjörn hló og skemmti sér vel í lestunum, en í febrúar geta þær verið kaldar og því var gott að vera í úlpu til að hlýja sér.



Við fórum á marga ferðamannastaði í ferðinni, en þá helstu má sjá á myndunum hér að neðan.



Helena Bryndís og Sveinbjörn á  
Trafalgar Square



Helena Bryndís, Hildur Telma,  
Sveinbjörn og Dóra hjá Big Ben



Helena Bryndís og Sveinbjörn hjá  
London Eye

Við hittum stærsta 'mann' í heimi, Robert Wadlow, og fengum að taka mynd af okkur saman. Robert er 2,72 metrar á hæð!

Sveinbjörn fæddist í London og nýttum við því tækifærið og settum hann inn á Build-a-Bear spítalann í ferðinni til að hlúa að honum. Hann varð eins og nýr eftir það og hafði bara gott af aðhlyningunni.

Ég þakka Sveinbirni kærlega fyrir samfylgdina og vona að hann komi með mér aftur seinna í ferðalag.



Helena Bryndís Hauksdóttir, 2. EP